

6.7.2. gr. byggingarreglugerðar, nr. 112/2012, síðari breytingar reglugerðar nr. 1173/2012, 350/2013, 280/2014, 360/2016, 666/2016, 722/2017, 669/2018, 1278/2018 og 977/2020

Lög um mannvirki, nr. 160/2010

Lofthæð og birtuskilyrði

Í grein 6.7.2 í byggingarreglugerð segir:

„Þess skal gætt að íbúðarhús hafi eðlileg tengsl við útivistarsvæði á lóð og staðsetning vistarvera taki mið af dagsbirtu og útsýni.

Lofthæð í íbúðarherbergjum og eldhúsi skal vera a.m.k. 2,50 m að innanmáli mælt frá fullfrágengnu gólfi að fullfrágengnu lofti. Heimilt er að víkja frá þessu ef meðalhæð herbergis er minnst 2,20 m og lofthæð minnst 2,50 m í að minnsta kosti 2/3 hluta þess. Í þakherbergjum og kvistherbergjum íbúða má meðalhæð minnst vera 2,20 m, enda sé lofthæðin minnst 2,50 m í að minnsta kosti þriðjungu herbergis.

Samanlagt ljósop glugga hvers íbúðarherbergis skal ekki vera minna en sem svarar til 1/10 af gólfleti þess, þó aldrei minna en 1 m².


Íbúðir skulu njóta fullnægjandi birtuskilyrða og loftskipta.

Í breiðum (djúpum) byggingum ber að huga sérstaklega að aukinni lofthæð og því að dagsbirtu gæti innan íbúðar.

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun skal gefa út leiðbeiningar um framkvæmd þessarar greinar.“


Leiðbeiningar

Í 2. mgr. 6.7.2 gr. segir : „Lofthæð í íbúðarherbergjum og eldhúsi skal vera a.m.k. 2,50 m að innanmáli mælt frá fullfrágengnu gólfi að fullfrágengnu lofti...“



Mynd 1. Hindrunarlaus lofthæð. Öll mál í mm

3. mgr. 6.7.2 gr.: Hér er átt við ljósop glugga það er flatarmál glers.



Mynd 2. Dæmi um 1 m² samanlagt ljósop glugga.

Yfirlit yfir breytingar sem gerðar hafa verið á leiðbeiningunni:

Útgáfa	Lýsing á breytingu:	Dags.
1.0	Á ekki við	28.8.2012
2.0	Smávægilegar breytingar	5.7.2013
3.0	Bætt inn síðasta setning greinarinnar	28.4.2014
4.0	Smávægilegar breytingar	9.6.2016
4.1	Letur stækkað	25.6.2018
4.2	Bætt inn leiðbeiningu vegna birtu og tilvísanir fjarlægðar	10.10.2019
4.3	MVS breytt í HMS	6.2.2020
4.4	Yfirlit yfir breytingar og texta breytt	22.12.2020